

## **Vísur og ljóð Valgerðar**


Á haustfundum lýsti formaður eftir efni í fréttabréfið s.s. stuttum ferðasögum, vísur eða öðru skemmtilegu efni sem fólk lumaði á. Það verður að segjast að eftirtekjan varð fremur rýr. Ein vað það þó sem ekki klikkaði frekar en fyrri daginn en það var skáldkonan okkar Valgerður Kristjánsdóttir. Hér á eftir fara nokkur ljóð og vísur sem hún orti síðastliðið sumar við hin ýmsu tækifæri.  
Valgerður mín, hafðu kæra þökk fyrir.

### **Veiðiferðin 1996**

Fóru í veiðiferð Flakkarar glaðir  
farkosti bíla á hinum besta.  
Nöfn þeirra skráði ég niður á blaðið,  
rétt þau náði á blaðið að festa.

Gylfi, Rúnar, Gerða, Jökull,  
getur að nefna Valgeir næst.  
Ásta, Hrefna, Hafdís, vökull  
hefur Ragnar þar við bæst.

Guðjón, Ólöf, Elín, Skafti,  
á eftir Páll og Sigurður.  
Niels, Birgir, Baldvin, Anna,  
blessuð María og Ragnheiður.



Mariu og Guðmund má ég nefna  
mæta þau kannske síðust hér.  
Arnór og Sigurbjörg ættu þess hefna  
ef þeirra væri ekki getið af mér.

Síðast allra sómafólkið  
sjálf Anna Tryggva og Ragnar Þór.  
Tuttugu og sjö í tölum talið  
telst sá hópur nokkuð stór.



Fengsælli veiðiferð Flakkara er lokið,  
það fengu allir soðfisk og helling í reyk.  
Það var nú aldeilis meira mokið  
matarleg soðning og indælis steik.

### Í Vaglaskógi

Falla lækir fagrir niður  
Fnjöskárdalsins grænu hliðar  
Hér er ró og hér er friður  
hljóma raddir sumars bliðar

Við höfum átt hér unaðsdaga  
aðra vini hitt og fundið.  
Gengið sæl um græna haga  
gestum sínum og vinskap fundið

Við þökkum skjól í faðmi fjalla,  
fegurð dals í huga geymum.



hún mun okkur hingað kalla,  
henni sjálfsagt aldrei gleymum

**Óskar Jónsson bað Valgerði um vísu í gestabók í húsbilnum,  
rétti henni penna og sagði að hún mætti eiga hann fyrir vísuna.**


Sólargeislum sértu vaðinn  
sæmdarmaður Óskar Jóns.  
Af erfiðleikum aldrei tafinn,  
ekkert verði þér til tjóns.



Göður er penninn, gjöf frá þér  
geymir eflaust vísu snjalla,  
treystir þú að takist mér  
að tófa hana á blaðið alla

**Eftir þessar tvær vísur lætti penninn og skrifaði ekki meir,  
greip hún þá annan:**

Þændur er penninn tept það stóð,  
tvær komu vísur honum frá  
Safnara hann nú sest í sjóð  
segja ei meira lengur má.



**Í lok stóru ferðariinnar 1996**

Líður senn að lokum ferðar  
ljúfri að bæta í minjasjóð.

Eins og hinar allar gerðar  
okkur til að verða góð.

Mynd og minning mæt í huga

er myrkur vetrar sækir að

Vini að eiga vel sem duga

vil ég þakka og muna það

VK

